



**6. Fundur byggðaráðs Blönduósþæjar
miðvikudaginn 15. október 2014, kl. 17:00.**

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) stjórnar SSNV frá 5. september 2014
- b) stjórnar SSNV frá 24. september 2014
- c) stjórnar SSNV frá 28. september 2014
- d) stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. september 2014
- e) stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2014

2. Erindi frá Sigurjóni Guðmundssyni dags. 18. ágúst 2014

3. Erindi frá Héraðsbókasafni A-Hún. frá 3. september 2014

4. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunargerðar – 2. fundur

5. Byggðakvóti fiskveiðiársins 2014/2015

6. Viljayfirlýsing um samstarf á sviði atvinnuuppbyggingar í Austur-Húnavatnssýslu

7. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) stjórnar SSNV frá 5. september 2014
Lögð fram til kynningar
- b) stjórnar SSNV frá 24. september 2014
Lögð fram til kynningar
- c) stjórnar SSNV frá 28. september 2014
Lögð fram til kynningar
- d) stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. september 2014
Lögð fram til kynningar
- e) stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2014
Lögð fram til kynningar

2. Erindi frá Sigurjóni Guðmundssyni dags. 18. ágúst 2014

Í tengslum við sveitarstjórnarkosningar á sl. vori óskaði Landssamband eldri borgara eftir því við nýkjörnar sveitarstjórnir víða um land, að þær tilnefndu fulltrúa í svonefnt Öldungaráð. Óskað er eftir að Öldungaráðið verði hluti af stjórnskipulagi sveitarfélagsins.



Byggðaráð þakkar framkomið erindi félags eldri borgara. Byggðaráð tekur jákvætt í erindið og mun taka það til frekari umræðu meðal embættismanna, ráða og nefnda sveitarfélagsins.

3. Erindi frá Héraðsbókasafni A-Hún. frá 3. september 2014

Stjórn Héraðsbókasafnsins leggur hér með til að upplýsingamiðstöð verði sett upp í húsnæði bókasafnsins að Hnjúkabyggð 30. Upplýsingamiðstöðin verði tengd starfsemi bókasafnsins og opnunartímum þess.

Erindið er áhugavert en vegna aukins kostnaðar þarfnast erindið frekari skoðunar. Byggðaráð felur sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Húnavatnshrepp varðandi málið.

4. Vinnufundur vegna fjárhagsáætlunargerðar – 2. fundur

Sveitarstjóri kynnti drög að áætlun og útkomuspár fasteignagjalda og útsvar vegna ársins 2014 og 2015.

Farið var yfir gjaldskrár sveitarfélagsins

5. Byggðakvóti fiskveiðiársins 2014/2015

Byggðaráð hvarmar niðurskurð á úthlutun byggðakvóta til Blönduósbæjar á fiskveiðiarinu 2014/2015. Úthlutun ársins er samtals 70 þorskígildistonn en var 140 þorskígildistonn árin á undan.

Byggðaráð furðar sig á þeim útreikningum sem eru viðhafðir við úthlutun byggðakvóta. Byggðaráðið telur tímabært að forsendur verði endurskoðaðar og hvetur sjávarútvegsráðherra til að beita sér fyrir því að það verði gert.

6. Viljayfirlýsing um samstarf á sviði atvinnuuppbyggingar í Austur-Húnavatnssýslu

Föstudaginn 10. október sl. var skrifað undir viljayfirlýsingu milli ríkisstjórnar Íslands um samstillt átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa með nýtingu raforku sem framléidd er í Blönduvirkjun.

Markmiðið með átakinu er að efla atvinnulíf og samkeppnishæfni svæðisins og undirbúa uppbyggingu fyrir orkunýtingu Blönduvirkjunar og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins fyrir iðnaðarkosti, svo sem fyrir gagnaver. Tilgangurinn er að skapa þann fjölda starfa sem nauðsynlegur er til að stöðva varanlega fólksfækkun í Austur-Húnavatnssýslu.

Aðilar að viljayfirlýsingunni eru ríkisstjórn Íslands, Blönduósbær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Húnavatnshreppur og Skagabyggð en sjálf viljayfirlýsingin byggir á þingsályktun Alþingis frá 17. október 2013. Fyrstu fundur nefndarinnar verður þann 21. október n.k.

Byggðaráð fagnar undirskrift viljayfirlýsingarinnar og bindur miklar vonir um að framkvæmd hennar verði til þess að fjölga störfum í Húnaþingi.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið 20:35

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)



Byggðaráð

Hörður Ríkharðsson (sign.)